



Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. október 2018  
R2018090017/12.8.4

Kt. 420169-3889

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald) - 2. mál, þskj. 2.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. september 2018 mótttekið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á fjárhæðum, hlutföllum og forsendum fyrir útreikningi einstakra þátta, s.s. fjárhæðarmarkna tekjuskattsstofns, og tekur ríkisskattstjóri ekki afstöðu til slíkra breytinga.

Embættið telur þó tilefni til að vekja athygli á b-lið 2. gr. frumvarpsins er lýtur að þrepaskiptingu tekjuskerðingar á barnabótum. Ljóst er að verði breyting þessi að lögum kallar það á töluverða uppstokkun á útreikningi barnabóta með tilheyrandi kostnaði. Varlega má áætla að vinna við slíka breytingu taki ekki minna en 200 klst. sem mest megnis er aðkeypt vinna hjá ríkisskattstjóra. Ekki verður séð að gert sé ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárframlögum til embættisins.


Jafnframt bendir ríkisskattstjóri á að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að til viðbótar almennum barnabótum skuli eftir sem áður greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skuli þær árlega nema 140.000 kr. í stað 133.300 kr. áður, sbr. c-lið 2. gr. frumvarpsins. Núgildandi ákvæði um viðbótar barnabætur vegna ungra barna hljóðar svo, sbr. 6. og 7. málsl. 4. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

*„Til viðbótar barnabótum samkvæmt þessari málsgrein skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 133.300 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 4% með hverju barni.“*


Ljóst er að skerðing sú sem vísað er til í framangreindum málsliðum 4. mgr. A-liðar 68. gr. tekjuskattslaga tekur nú mið af þeim fjárhæðum sem fram koma í 3. málsl. ákvæðisins, þ.e. án þeirrar þrepaskiptingar sem lögð er til í frumvarpinu. Ríkisskattstjóri telur að taka þurfi skýrt fram í þessum efnum við hvaða fjárhæðir skuli miða útreikning á 4% skerðingu viðbótar barnabóta vegna ungra barna. Af því sem fram kemur í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins má leiða að því líkur að átt sé við að skerðingin reiknist af lægra þrepi þeirra skerðingarfjárhæða sem lagðar eru til að skerðing almennra barnabóta miðist við, sbr. það sem þar segir: „... en skerðingarhlutfall verði áfram 4% óháð tekjum.“ Ríkisskattstjóri leggur til að tekið verði skýrt fram í lagaákvæðinu sjálfu að barnabætur vegna ungra barna muni skerðast um 4% af tekjuskattsstofni umfram 3,6 millj. kr. á ári hjá einstæðu foreldri og 7,2 millj. kr. hjá hjónum.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki efni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J Rögnvaldsson



Elín Alma Arthursdóttir